



Forsætisnefnd

Fjárframlag Reykjavíkurborgar til stjórnмálasamtaka júní-deember 2022.

Skrifstofa borgarstjórnar hefur undirbúið útgreiðslu fjárframlags Reykjavíkurborgar til þeirra stjórnмálasamtaka sem fulltrúa eiga í borgarstjórn til samræmis við ákvæði laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnмálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Fulltrúar í forsætisnefnd og/eða formenn borgarstjórnarflokka bera ábyrgð á því að rétt gögn berist skrifstofunni. Skrifstofu borgarstjórnar þarf að berast bæði reikningur og erindi frá flokknum, sem er undirritað af formanni borgarstjórnarflokks og starfsmanni stjórnмálasamtakanna. Til hægðarauka hefur verið útbúið eyðublað til útfyllingar og undirritunar sem unnt er að nýta sér.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna er helming þeirrar fjárhæðar, sem ákvörðuð var í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 skipt í samræmi við hlutfall atkvæðamagns þeirra stjórnмálasamtaka sem rétt eiga á framlagi. Seinni helmingurinn kemur nú til útgreiðslu að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 2022.

Gera þarf ráð fyrir ca. 10 - 15 daga afgreiðslutíma eftir að öll gögn berast skrifstofu borgarstjórnar og til að tryggja hraða og örugga afgreiðslu er vakin athygli á eftirfarandi:

1. Erindið þarf að vera undirritað af bæði formanni eða oddvita borgarstjórnarflokks og gjaldkera/starfsmanni.
2. Reikningur þarf að fylgja erindinu.
3. Bankareikningur þarf að vera á nafni stjórnмálasamtakanna.
4. Erindinu þarf að fylgja staðfesting ríkisendurskoðanda á því að stjórnмálasamtökin hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda í samræmi við ákvæði laga númer 162/2006.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Útreikningur á skiptingu í samræmi við hlutfall atkvæðamagns
Beiðni um útgreiðslu – eyðublað